

# **Samtök útivistarfélaga – SAMÚT.**

## **Fundargerð stjórnarfundar 14.11.2000**

Haldinn að Hallveigarstíg 1 kl.20:00.

Til fundar mættu: Kristín Jónsdóttir (4x4), Gunnar H Hjálmarsson (Útivist), Ívar Pálsson (Skotvís), Ólafur K Nielsen (Fuglav.fél.), Tryggvi Ingason (Húsb.fél), Erna M Kristjánsdóttir (Húsb.fél), Jóhanna Jóhannesdóttir (Sjálfb.samt), Steinunn Jakobsdóttir (Jörfí), Karl Ingólfsson (Ísalp), Bragi Björnsson (BÍS) og Jón Birgir Jónsson (LÍV).

Formaður setti fundinn og Ívar Pálsson var valinn fundarstjóri.

### **Dagskrá fundarins:**

- Kosning framkvæmdastjórnar.
- Stefnuskrá samtakanna.
- Pingsályktunartillaga um stofnun Snæfellsþjóðgarðs.
- Starf vetrarins.

### **Kosning framkvæmdastjórnar.**

Ívar las 11gr. laga samtakanna þar sem kveður á um kosningu framkvæmdastjórnar. Stjórnin skal velja úr sínum hópi, formann, ritara og gjaldkera og var því auglýst eftir framboðum í þau störf. Fundarmenn sátu hljóðir nokkra stund og þegar ekkert bólaði á framboðum bauð sitjandi framkvæmdastjórn sig öll fram aftur og var kosin samstundis með lófaklappi. Í framkvæmdastjórn næsta árið sitja því: Gunnar H Hjálmarsson formaður, Ívar Pálsson gjaldkeri og Kristín Jónsdóttir ritari.

### **Stefnuskrá samtakanna.**

Gunnar rakti sögu þessarar stefnuskrá sem nú er að verða fullmótuð. Það voru Gunnar H Hjálmarsson og Magnús Tumi Guðmundsson sem fyrst settu saman drög sem síðar voru gerðar athugasemdir við og Ívar Pálsson og Karl Ingólfsson hafa nú yfirfarið og betrubætt. Ívar las í gegnum hin nýju stefnuskrárdrög og óskaði eftir gagnrýni á uppsetningu og málfar. Varpaði hann meðal annars fram spuringu um hvort fjórði liður draganna sem kveður á um að samtökin skulu stuðla að góðri umgengni ferðamanna, ætti heima í stefnuskrá samtakanna. Það var almenn skoðun manna að sá liður ætti þar vel heima. Rætt var um uppsetningu stefnuskrárinnar og mælt til að númer í síðari hluta yrðu felld niður eða þeim breytt og sá hluti nefndur greinargerð. Bragi lagði til breytingu á 1.lið, að nota orðið almannaréttur í stað rétt almennings og útvíkka liðinn þar með. Sköpuðust umræður um hvað orðið almannaréttur þýddi og hvort hugsanleg rangtúlkun á liðnum gæti skapast. Ákveðið var að fara að tillögu Braga. Að lokum voru drögin borin undir atkvæði og þau samþykkt samhljóða. Gild stefnuskrá SAMÚT hefur því litið dagsins ljós.

### **Pingsályktunartillaga um stofnun Snæfellsþjóðgarðs.**

Óskað hefur verið eftir umsögn SAMÚT um áður nefnda tillögu. Karl tiltók að þarna væri á ferðinni gömul hugmynd að friðlandi. Karl rakti einnig hugmyndir að stofnun stærri þjóðgarða eða þjóðvanga og taldi upp fjóra megin garða. Karl lagði til að SAMÚT markaði sér eigin stefnu í þjóðgarðamálum.

Ívar nefndi að útfæra mætti þjóðgarða á ýmsa vegu og las upp skilgreiningu á þjóðgörðum í náttúruverndarlögum, fram kom að um þjóðgarð skyldi sett sértök reglugerð. Ívar lagði til að framkvæmdastjórn semdi almennt orðaða umsögn sem fæli í sér jákvætt álit samtakanna á stofnun þjóðgarðs enda væri þar ekki reiknað með skerðingu á almannarétti. Tillaga Ívars var samþykkt.

Gunnar nefndi að nauðsynlegt væri að samtökin ræddu frekar þjóðgarðamál og lagði Karl til að fengið yrði fræðsluefni eða fyrirlesari frá Landvernd á sérstakan fræðslufund um þessi málefni. Ákveðið var að Karl gengi í málið og þeir Ívar og Bragi tækju saman þær reglugerðir sem til eru um núverandi þjóðgarða. Dagsetning fundarins ákveðin 5. desember.

Rætt var að einnig væri nauðsynlegt að fræðast um virkjunarmál t.d. Kvíslaveitu 6 og Kárahnjúkavirkjun. Ákveðið var að taka það málefni fyrir á fræðslufundi í janúar.

Fleira var ekki á dagskrá fundarins en í lok fundar auglýsti Steinunn Jakobsdóttir, frá Jökjarannsóknafélaginu, 50 ára afmæli félagsins sem haldið yrði uppá n.k. laugardag með erindaflutningi og hátíðarkaffi í Norræna húsinu. Karl benti á að gera mætti meira af því að nota samtökin til að miðla upplýsingum um athyglisverða viðburði.

Fundi slitið.

---

Kristín Jónsdóttir ritari.